

Borgarstjórn Reykjavíkur
12. desember 2023

Tillaga borgarfulltrúa Samfylkingar, Framsóknar, Viðreisnar og Pírata um viðbrögð við niðurstöðum PISA 2022

Borgarstjórn samþykkir að fela skóla- og frístundaráði að gangast fyrir opinni umræðu og ítarlegri greiningu á niðurstöðum PISA sem hluta af undirbúningi á innleiðingaráætlun menntastefnu Reykjavíkur, Látum draumana rætast, fyrir árin 2025-27. Fulltrúar fagfólks, nemendur og foreldrar verði kallaðir til auk valinna innlendra og erlendra sérfræðinga í menntamálum. Næsta innleiðingaráætlun menntastefnunnar, 2025-2027, byggji meðal annars á niðurstöðu þessarar vinnu.